

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2253
komudagur 14.4.2008

From: Álfheiður Ingadóttir
Sent: 14. apríl 2008 16:06
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir; nefnd-heilbrn.
Subject: RE: Lyfjalögin

Ágætu nefndarmenn.

Í minnisblaðinu sem við fengum sent eru nokkrar illa eða jafnvel órökstuddar fullyrðingar sem ég óska hér með eftir við formann að leitað verði svara við, hjá ráðuneyti eð samkeppniseftirliti eftir aðstæðum.

1. Hvernig munu sjúklingar „njóta góðs af“ því að missa þá afslætti sem þeir nú fá í lyfjabúðum t.a.m. þeir t.d. nota lyf að staðaldri og fá magnafslátt, eða eru í hópafslætti eins og Hjartavernd hefur?
2. Hvernig hyggst ráðuneytið eða samkeppniseftirlitið tryggja að lyfjainnflytjendur/lyfjaframleiðendur muni veita ríkinu, þ.e. TR, afslætti sem þeir hafa áður veitt lyfsölum og þeir aftur sjúklingum? Af hverju ættu þessir aðilar að fara að veita TR afslætti allt í einu? Hvaða hagsmunir gætu ráðið því? Er ekki miklu líklegra að afslættirnir bara falli niður? TR borgi eftir sem áður sinn skammt en sjúklingarnir missi einfaldlega afsláttinn?
3. Í 2. málsgrein er fullyrt að þróunin hafi verið sú að afslættir til sjúklinga hafi „farið minnkandi á undanförunum árum“ og svo „virðist“ sem afslættir sem lyfjafyrirtæki séu að gefa smásölum skili sér „í minna mæli til sjúklinga“. Hafa afsláttarkjör apótekanna verið kortlögð nýlega? Hvaða rannsókn er hér verið að vísa til? Hver gerði hana og hvenær?
4. Dæmi eru um að félög sjúklinga og aðstandenda hafi náð að semja um verulega afslætti fyrir sína félagsmenn. Mun Hjartavernd t.d. geta haldið umsömdum afsláttum fyrir félagsmenn sína ef þetta frumvarp verður að lögum?
5. Hefur samkeppni í verði ekki alltaf í för með sér „mismunun“ gagnvart kaupendum, sbr. það sem segir í minnisblaðinu um áhrif ákvæðisins. Og ef öllum sjúklingum býðst sama verð – er þá um „raunverulega samkeppni“ að ræða?
6. Hvað er átt við með „ruðningsáhrifum“ á lyfjamarkaði?
7. Í minnisblaðinu segir m. a. að verð samheitalyfja í Þýskalandi hafi lækkað um 30% þegar afslættir voru afnumdir. Hvenær voru afslættir á lyfjum bannaðir í Þýskalandi? Hvaða rannsókn er hér vitnað til, hver vann hana og hvenær var hún gerð? Er hér um að ræða 30% lækkun á verði til ríkisins, þ.e. hlut þess í lyfjaverði samheitalyfja, eða er um að ræða endanlegt verð til sjúklings yfir borðið?
8. Hvernig er markaðshlutdeild háttáð á lyfjamarkaði hér á landi? Hvernig er markaðshlutdeild háttáð í Þýskalandi sem hér er nefnt til sögunnar? Hvaða leiðir sér ráðuneytið og Samkeppniseftirlitið til að auka raunverulega samkeppni á lyfjamarkaði aðrar en að banna beina afslætti til neytenda?
9. Í 10.gr.frv. segir: „Verð lyfseðilsskyldra lyfja skal vera það sama um land allt“. Á fundi hbrn. var h.v. upplýst að hér væri ekki um það að ræða að tryggja að sjúklingar fengju afgreitt sama lyf á sama verði, heldur aðeins að sami lyfjaframleiðandi/-heildsali mætti ekki hafa nema eitt verð skráð í lyfjaverðskrá. Í minnisblaðinu er ekkert um þetta fjallað. Ég tel að ráðuneytið þurfi að skýra þá fullyrðingu sem felst í orðalagi 10.gr. frv. og hbrn. að breyta því þannig að það veki ekki falskar vonir um að lyf megi kaupa við sama verði um land allt verði frumvarpið að lögum.

Bestu kveðjur,
Álfheiður Ingadóttir.